

REGLUGERÐ

um þorskfisknet.

1. gr.

Heimilt er að stunda veiðar í þorskfisknet með þeim takmörkunum sem ákveðið er í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Allar veiðar í þorskfisknet í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst ár hvert.

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

- a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
- b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita (65°24'9 N 23°57'2 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Frá og með 1. janúar til og með fyrsta mánudegi eftir páska ár hvert, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, vera 7 þumlungar (178 mm).

Frá og með fyrsta þriðjudegi eftir páska ár hvert til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, vera 6 þumlungar (152 mm).

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal heimilt að leggja þorskfisknet með 6 þumlunga riðli í sunnanverðum Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Akranesflös frá fyrsta þriðjudegi eftir páska til og með 31. janúar næsta árs á eftir.

Í og út af Breiðafirði, frá línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Malarrífi, að línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum er óheimilt að leggja þorskfisknet með minni möskvastærð en 7 þumlungar (178 mm) á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. apríl ár hvert. Frá og með 1. maí til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja í Breiðafirði, vera 6 þumlungar (152 mm).

3. gr.

Pegar möskvastærð er mæld skulu þrjár möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreidd leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 2. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvana. Netið skal mælt vott.

4. gr.

Allir netadrekar skulu greinilega merktir umdæmisnúmerum þeirra skipa, sem nota þá. Merki þessi skulu vera soðin á netadrekana.

5. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer þess skips, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með kallmerki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal komið fyrir öðru flaggi, þar sem á er málað númer hverrar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipið notar. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmerum þess skips, sem notar þá.

6. gr.

Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

7. gr.

Verði breytingar á umdæmisnúmerum skips, ber að breyta merkingum á veiðarfæra-útbúnaði í samræmi við þá breytingu.

8. gr.

Pegar netadrekar, netabaujur og belgir eru um borð í veiðiskipi, skulu þau vera merkt í samræmi við 4.–6. gr., eftir því sem við á.

9. gr.

Skipstjóra skal skylt að merkja net sín þannig, að glöggst megi greina, hvor endi netatrossu séu austur- eða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skipstjóra skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

10. gr.

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, er óheimilt að hafa fleiri en 150 net í sjó.

Sé áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 138 net í sjó.

Sé áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 126 net í sjó.

Sé áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 114 net í sjó.

Sé áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 102 net í sjó.

Sé áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.

Sé áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 78 net í sjó.

Sé áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 66 net í sjó.

Sé áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 54 net í sjó.

Sé áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 42 net í sjó.

Sé áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 30 net í sjó.

Sé sjálfvirkur netaafráttarbúnaður (dráttarkarll) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

Miðað er við að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

11. gr.

Þorsfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Týni skip þorsfisknetum í sjó, ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

13. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

14. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983 um þorskfisknet ásamt síðari breytingu og ennfremur reglugerð nr. 136, 3. mars 1977, um bann við netaveiðum í Faxaflóa og Breiðafirði, reglugerð nr. 378, 9. ágúst 1991 um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí - 15. ágúst og viðauki nr. 3, 8. janúar 1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liða 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, frá og með 1. október 1992 til og með 31. desember 1992, á eftirgreindum svæðum:

- A. Í Héraðsflóa, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, utan línu, sem dregin er 8 sjómílu utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Sauðanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V). Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.